

| tíska | tíðarandinn | heilsa | hönnun | pistlar | matur | stjörnuspa |

# birta

í hæstu hæðum

## REGÍNA ÓSK

» *Stígur fram í sviðsljósið*

**GIFTU SIG EFTIR FYRSTA KOSSINN**

» Nicolette Morrison og Matthew Hugget

**LEGGJA SNÖRUR FYRIR 007**

» Vondu Bondstúlkurnar

**RJÓMINN AF ÞVÍ BESTA**

» Íslenskt hönnunarmaræðon

**SJÓNVARPSDAGSKRÁIN**  
3. - 9. nóvember

L'

O

R

Húðlæknar hafa uppgötvað nýja tækni  
sem endurnýjar yfirborð húðarinnar

**20%**  
**AFSLÁTTUR**  
**í Lyf & heilsu**

**og frábær  
kaupauki**



L'ORÉAL  
PARIS

NATALIE IMBRUGLIA

Tilboðið gildir til 19. nóvember eða á meðan birgðir endast.

E

A

L  
PARIS

DERMO-EXPERTISE

Ysta lag húðarinnar endurnýjast  
og hún ljómar á aðeins 2 mínútum

# REFINISH

ENDURNÝJANDI YFIRBORÐSMEDFERÐ HÚÐAR

## HÚÐIN MEDHÖNDLUÐ HEIMA

2 skref, 2 mínútur, tvisvar í viku:

**Skref 1:**

- Efnasamsetning sem inniheldur örsmáa kristalla, hreinsar húðina og endurnýjar yfirborðið.

**Skref 2:**

- Eftirmeðferðarkrem sem gefur raka og fullkomnar árangurinn. Án ilm- og litarefna með sólarvörn 15.

- 100%\* sléttari húð með falgri áferð
- 97%\* meiri ljómi
- 91%\* jafnari húð og litarháttur
- Dregur úr hrukum.

FRÁ FAGMENNSKU TIL FEGURÐAR  
ÞVÍ ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILIÐ

**Kaup-  
auki**



Hreinsklútar að verðmæti 962 kr.  
fylgja með kaupum á L'Oréal ReFinish.



# HNAPPUR SEM GETUR BJARGAÐ LÍFI ÞÍNU OG ÞINNA NÁNUSTU

Það dregur úr áhyggjum aðstandenda að vita af sínum nánustu í öruggum höndum öllum stundum.

Þú berð öryggishnapp Securitas um háls eða á hendi svo alltaf sé hægt að ná til hans. Öryggishnappurinn er beintengdur Securitas á Neyðarlínunni 112. Um leið og boð berast, opnast talsamband við sérþjáfað starfsfólk á stjórnstöð og öryggisvörður með lykil að húsnæði þínu kemur til þín. Sjúkrabíll og/eða læknir er sendur á vettvang ef þörf krefur og haft er samband við aðstandendur.

Hafðu samband við Securitas í síma **580 7000** og kynntu þér öryggishnappinn.





20



10

### Petta helst

- 7 Spilum og spjöllum saman
- 8 Heitt og kalt
- 8 Ljós í myrkri
- 10 Brennsla Rósu Birgittu Ísfeld
- 12 Giftu sig mánuði eftir fyrsta kossinn
- 16 Rjóminn af íslenskrri hönnun
- 26 Drekar, skrímsli og prinsessur

### Greinar og viðtöl

- 14 Úr gæluverkefni í alvöru kvikmynd
- 20 Regína Ósk Óskarsdóttir: Góðir hlutir gerast hægt
- 34 Vöndu Bond-stúlkurnar



28



14

### Hann/hún

- 18 Brigitte Bardot
- 28 Matur - bláberjasúkkulaðikaka
- 32 Tíska: Hreint ekkert grámygluglegt
- 38 Litli svarti kjóllinn
- 40 Emilía Örylgsdóttir elur upp
- 42 Nálastungur
- 44 Jóhanna Sveinsdóttir segir kynjasögur
- 44 Stjörnuþá
- 46 Í röð og reglu: búningaleiga

### Í hverju blaði

- 48 Krossgáta
- 51 Sjónvarp næstu viku
- 68 Sudoku

**birta**

3.–9. nóvember 2006 nr. 44

ÚTGÁFUFLAG: 365 – prentmiðlar  
 RITSTJÓRI: Kristín Eva Þórhallsdóttir  
 kristineva@frettabladid.is  
 ÁBYRGÐARMAÐUR: Steinunn Stefánsdóttir  
 steinunn@frettabladid.is  
 RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR:  
 Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 550 5000  
 DREIFING: Pósthúsið ehf., sími 585 8330

AUGLÝSINGAR:  
 Jón Laufdal / jonl@frettabladid.is  
 Sölustjóri / 550 5845 / 899 0797  
 Guðný Magnúsdóttir / gudnymagg@365.is  
 Markaðsfulltrúi / 550 5854 / 866 0796  
 Erna Sigmundsdóttir / emas@365.is  
 Markaðsfulltrúi / 550 5863 / 821 2755  
 Auður Harpa Andrésdóttir / audur.harpa@365.is  
 Markaðsfulltrúi / 550 5828 / 892 8873

UMBROT: 365 – prentmiðlar  
 Atli Þór Fanndal og Linda Stefánsdóttir

PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf.  
 FORSÍÐUMYND: Valli  
 NETFANG: birta@frettabladid.is  
 Birtu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri, Akranesi, Borgarnesi, Selfossi og Hveragerði.



Taktu flugið

FRÁ

5.990



EYDDU  
TÍMANUM  
VEL

→ ÍSAFIÖRÐUR

1 Færmi Fjalla Blárra

## TÍMINN FLÝCUR

Flugfélag Íslands flýgur yfir 100 ferðir í viku til áfangastaða sinna. Þú nýtur þess að lesa dagblöðin, fá þér kaffi og súkkulaði og áður en þú veist af er lent á áfangastað.

Ferðin tekur enga stund. Taktu flugið.

Pantaðu í síma **570 3030** eða á [www.flugfelag.is](http://www.flugfelag.is)

→ [flugfelag.is](http://flugfelag.is)

Vestmannaeyjar

Egilsstaðir

Reykjavík

Akureyri



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

\* Flugvallarskattar innifaldir. Eingöngu bókanlegt á netinu. Takmarkaður sætafjöldi.

Texti: MARGRÉT HUGRÚN  
Mynd: GETTY IMAGES

## Spilum og spjöllum saman

Í gamla daga fóru reykvískar fjölskyldur í sunnudagsbíltúra til Hveragerðis. Börnin skoðuðu apana, mæður hnupluðu afleggjurum og allir fengu sér kaffi eða rjómaís. Í dag förum við í IKEA eða Smáralind og bíðum þreytt með þrútna fætur eftir því að það sé komið að okkur í röðinni.

Í gamla daga var ekkert sjónvarp í júlímánuði. Þá léku börnin sér úti fram á kvöld í leikjum eins og fallinni spýtu, brennó og einni krónu. Mamma og pabbi sátu inni og lásu eða dunduðu í garðinum. Á veturna var ekkert sjónvarp á fimmtudagskvöldum og þá ýmist spilaði fólk eða hlustaði á útvarpsleikrit sem oft gátu verið mjög spennandi.

Í gamla daga voru hvorki til GSM símar né tölvur. Símtal frá útlöndum var stórvíðburður og ef svo vildi til að hringt var frá framandi landi, stífnaði öll fjölskyldan upp af eftirvæntingu og stóð í hring í kringum þann sem „talaði við útlönd“.

Í dag tölum við oft heilu og hálfu dagana í síma, hvar sem við erum stödd, en gleymum að rækta tengslin þegar heim er komið. Sjónvarp er í gangi allan sólarhringinn og tölvurnar hafa tekið við af borðspilum. Hvernig væri að prófa að hafa einn dag, eða eitt kvöld, svona „unplugged“ eins og það var kallað á MTV? Taka síma og sjónvörp úr sambandi. Leggja Scrabble á borðið. Hita kakó, kveikja á kertum og húa mannskapnum við borðstofuborðið til að eiga góða samverustund og skapa skemmtilega minningu sem lifir eflaust lengur en það sem gerðist í síðasta þætti af America's Next Top Model. Og ekki myndi það spilla fyrir að spila eitthvað fallegt með Vilhjálmí Vilhjálmssyni um leið:

„Því eitt sinn verða allir menn að deya.  
Eftir bjartan daginn kemur nótt.  
Ég harma það, en samt ég verð að segja,  
að sumarið líður allt of fljótt.“





# LJÓS Í MYRKRI

**L**ýsing er list sagði maðurinn og mikið hafði hann rétt fyrir sér. Lýsing skiptir miklu máli, sérstaklega núna þegar sólin fer lækkiandi og dimman læðist inn í líf okkar. Rétt lýsing skapar rétta andrúmsloftið. Fyrir veislur, fjölmennar samkomur eða bara til þess kúra uppi í sófa skiptir máli að hafa rétta lýsingu. Oft er það ekki nóg að kveikja á einu kerti og einhverju veggljósi, maður þarf oft að dunda sér lengi til að ná fram þeirri stemningu sem maður vill fá með rétttri lýsingu. Einnig eru augu viðkvæm fyrir of miklu ljósi og getur það valdið þirringi.

**KERTI** eru klassísk. Hvort sem maður er með fjölmennat matarboð eða situr einn fyrir framan sjónvarpið setur kerta-ljós punktinn yfir i-ið.



**JÓLASERÍUR** eru ekki bara til þess að draga fram á jólunum. Það er eitthvað svo mikið stuð í kringum jólaseríur og þeim tekst alltaf að koma manni í gott skap.



**DISKÓKÚLA** er frá-bær til að draga fram partíljónið í manni. Þær eru alls ekki eins dýrar og margir halda og algerlega ómissandi í gott parti.

## | heitt & kalt |

Heitt  
 Volgt  
 Hvorki heitt né kalt  
 Vrið stofuhita  
 Ískalt



**TRÚ ER TÖFF.** Jón Gnarr er trúaður, Madonna er trúuð og Einstein var líka trúaður. Allir ættu líka að geta fundið eitthvað við sitt hæfi því af nægu er að taka í trúarbragðageiranum.

Heitt  
 Volgt  
 Hvorki heitt né kalt  
 Vrið stofuhita  
 Ískalt



**HÁIR SOKKAR** eru bæði sætir, hlýir og kynþokkafullir. Fara vel við pils og stuttar buxur, en líka góðir innanundir stígvél.

Heitt  
 Volgt  
 Hvorki heitt né kalt  
 Vrið stofuhita  
 Ískalt



**YFIRHÖNNUÐ HEIMILI.** Það er allt í lagi að hafa heimilið smart, en það er ekki skemmtilegt þegar íverustaðurinn lítur út eins og verslun. Láttu hjartað ráða næst þegar þú kaupir eitthvað fallegt til heimilisins.

Heitt  
 Volgt  
 Hvorki heitt né kalt  
 Vrið stofuhita  
 Ískalt



**SPINNING ER FREKAR 90S.** Sveittir rassar og yfirmáta æstur kennari. Er ekki betra að brenna með því að fara frekar út að hjóla, eða hlaupa bara á brettinu með öll upphalds lögin þín í iPoddinum?

Heitt  
 Volgt  
 Hvorki heitt né kalt  
 Vrið stofuhita  
 Ískalt



**ÍHALDIÐ ER ÚTI** (þó frjálshyggja geti verið flott). Stjórnmalámennt sem taka starfi sínu sem gefnu eru ekki á réttri leið. Eðli málsins samkvæmt verða þeir að hafa fyrir því að halda í atkvæðin, allt árið um kring.

Til að setja **RÉTTU STEMNINGUNA** er mjög hentugt að nota ljósafjarstýringu. Þú beinir fjarstýringunni að lampa eða loftljósi og stillir ljósstyrkinn eftir þínu höfði.



**VEGGLJÓS** geta oft verið leiðinleg og allt of skær. Borðlampar draga fram skemmtilega og notalega birtu. Einnig er hægt að færa lampa til, en ekki veggljós.





## Hver þarf Bangkok þegar við höfum Hverfisgötuna?

Mig langaði út. Til útlanda. Langt í burtu – Bangkok eða eitthvað. En kærastinn var með betri hugmynd. Kíkjum á Hverfisgötuna! „Til hvers?“ spurði ég. „Bara. Gaman,“ sagði hann. Og svo skelltum við okkur í bæinn. Grípum tækifærið. Það var æði. Allt sem ég þurfti.

**gríptu augnablikið og lifðu núna**



**vodafone**



**brennslan mín ...**  
Rósa Birgitta Ísfield plötusnúður

## Hlustaði á Moloko í Marokkó

Rósa Birgitta Ísfield er mjög upptekin kona. Er plötusnúður á helstu olstofum bæjarins, æfir söng í söngskólanum Domus Vox og syngur í hljómsveitinni Sometime sem gerði góða hluti á nýafstaðinni Airwaves tónlistarhátíð. Hún gaf sér þó tíma til að láta okkur fá tíu lög sem eru í upphaldi hjá henni og sagði hún að það hefði verið mjög erfitt að velja bara tíu lög. „Lögin á listanum eru í eldri kantinum og hafa fylgt mér lengi þannig að við erum góðir vinir,“ segir Rósa.

- LAG 1** Miles Davis – **It Never Entered My Mind.** Ég elska djass og hérna er Miles í góðu formi en lagið er af plötunni Workin´ og eftir þá félagi Hart og Rodgers.
- LAG 2** Billie Holiday – **Strange Fruit.** Kunni fyrst að meta þetta lag eftir að ég las ævisögu hennar og skildi þá virkilega tilfinningar hennar. Síðan þá hefur þetta orðið eitt af mínum upphalds Billie lögum.
- LAG 3** Aphex Twin - **Alberto Balsalm.** Fallega stáltrommu lagið af plötunni „I care because you do.“
- LAG 4** Ray Charles - **Georgia on My Mind.** Gæti eflaust fyllt listann bara með Ray Charles og þá meiri stuðlög en einhvern veginn er þetta lag alveg magnað. Dramatískt og hittir í hjartastað.
- LAG 5** Squarepusher - **Theme from Ernest Borgnine.** Uuuuhmm gæsaúú!!! Mér finnst þeir félagarnir Aphex og Squarepusher vera Mozart og Beethoven okkar tíma, þessum lögum má líkja við sínfónúr.
- LAG 6** Squarepusher - **Massif.** Þetta er annað lagið af plötunni „Big Load“ sem er algjör snilld. Þetta lag er gott hvenær sem er og geðveikt í heyrnartólum einn á göngu einhvers staðar.
- LAG 7** Acen - **Trip II the Moon.** Þetta er „hardcore“ lagið, hvað meira er hægt að segja. Geðveikir kaflar í laginu og þetta verður alltaf harðara og harðara.
- LAG 8** The Beatles – **While My Guitar Gently Weeps.** Það er mér eftirminnilegt þegar ég fór um hálandið með Halla frænda. Við hlustuðum á kassettuna óteljandi oft meðan hann fyllti mig af ýmsum fróðleik um plötuna.
- LAG 9** Moloko – **Sing It Back.** Upprunalega útgáfan af þessu lagi er frábær. Fíla röddina hennar og trommurnar eru soldið afrískar, enda var ég föst með þetta í eyrunum á leiðinni út í Sahara eyðimörkina í Marokkó.
- LAG 10** Nina Simone - **My Baby Just Cares for Me.** Kemur mér alltaf í gott skap og ég á líka frábærar minningar sem fylgja þessu lagi.

## » birta mælir með ...


... **THE DEPARTED** nýjustu kvikmynd leikstjórans Martins Scorsese, sem nær sér aftur á strik eftir lágdeyðuna sem einkenndi Gangs of New York (2002) og The Aviator (2004). Sannkallaður hvalreki fyrir unndendur góðra glæponamynda, þar sem Jack Nicholson fer fremstur í flokki í einvalaliði leikara.



... **OLIVA HREINLÆT- ISVÖRUNUM** sem koma frá Grikklandi og henta öllum, sérstaklega þeim sem eru með viðkvæma húð. Þær eru unnar úr hreinni ólífuolíu sem gerir húðinni einstaklega gott með því að mýkja hana og græða. Freyðibaðið er sérstaklega gott þar sem það þurrkar ekki húðina, heldur skilur hana eftir mjúka og ilmandi.

... **FIMMTÍU LIMRUM** eftir Önnu Snorradóttur. Bók sem kemur fólk í gott skap á stundinni. Eins og þessi óborganlega limra er dæmi um.

Engin furða ég færi á taugum: Í fyrra er var ég í laugum sá ég svartlitnan haus hann var sundskýlulasa og mér sortnaði fyrir augum.



## Vélmennið Plen

**NÝTT**

Plen er hugsanlega það vélmenni sem líkir hvað best eftir mannglegri hegðun. Það getur meira að segja rennt sér á hjólabretti og hjólaskautum! Hægðarleikur einn er að forrita vélmennið til að gera það sem manni langar til, en með ákveðinni leikni má fá það til að líkja eftir ótrúlegustu hjólabrettatöktum. Það er meira að segja hægt að stýra því í gegnum gsm-síma með bluetooth-kerfi. Eins og staðan er nú fast Plen fyrir 170.732 kr. í Japan. Ekki liggur ljóst fyrir hvenær vélmennið verður fáanlegt í Evrópu, en vonandi verður ekki mikil bið eftir því.







*Red*  
introducing  
**DELICIOUS**

a new temptation in women's fragrance

**DKNY**  
DONNA KARAN NEW YORK

experience the fragrance at [DKNY.com](http://DKNY.com)





Texti: TRYGGVI GUNNARSSON  
Myndir: GVA

## » GIFTU SIG MÁNUÐI EFTIR FYRSTA KOSSINN «

Hann var heróinnneytandi, hún djasssöngkona í Suðaustur-Asíu. Þau fóru svo í sama skólann, voru vinir í tvö ár, þar í mánuð og síðar hjón. Nú eru þau komin til Íslands til að leika í Danny and the Deep Blue Sea í Austurbæ undir handleiðslu Jóns Gunnars Þórðarsonar. Birta spurði Nicolette Morrison og Matthew Hugget út í verkið, ástina og skrautlegu fortíðina.

UM HVÆÐ FJALLAR DANNY AND THE DEEP BLUE SEA?

Nicolette: Það fjallar um örvæntingarfullt fólk sem leitar að huggun hjá hvort öðru. Þau eru hins vegar svo vön því að vera einmana, utangarðs og einangruð að það gengur illa.

HVERS VEGNA ÞETTA VERK?

Nicolette: Matthew hafði þekkt verkið lengi og sagði við mig að við þyrftum að gera þetta.

Mathew: Fyrir utan að vera frábært verk þá áttum við auðvelt með að samsama okkur karakterunum. Þetta er ungt lágstéttar-fólk sem ólst upp við fátækt og treystir frekar á tilfinningarnar en hugsunina. Þau framkvæma án þess að hugsa. Persónurnar hafa engu að tapa og þeim stendur því á sama. Við þekkjum margt af því sem þau hafa gengið í gegnum og því var auðvelt að setja sig í spor þeirra.

HVERNIG KOM SAMVINNAN VIÐ JÓN GUNNAR TIL?

Nicolette: Við vorum öll í sama leiklistarskólanum og um leið og við lásum verkið urðum við öll ástfangin að því. Við spurðum Jón hvort hann vildi ekki leikstýra okkur og hann sagði já. Eftir einn eða tvo mánuði vorum við svo komin á fullt.

Matthew: Þetta var samt allt gert utan skólans því ég hafði hætt og misst áhugann á leiklist. Þetta verk vakti áhugann aftur og hingað erum við komin.

AF HVERJU HÆTTIRÐU Í SKÓLANUM?

Matthew: Vegna þess að ég var í mikilli áfengis- og fíkniefna-neyslu og var í engu ástandi til að halda námi áfram. Ég var alveg búinn að missa þráðinn og var hættur að sofa og borða. Hefði ég ekki hætt og gefið mér tíma til að ná áttum hefði ég drepið sjálfan mig.

SAMBAND YKKAR ÁTTI SÉR SKRAUTLEGA BYRJUN, EKKI SATT?

Nicolette: Þegar við kynntumst vorum við bæði í sambandi. Við urðum hins vegar strax nánir vinir og ég gisti oft á sófanum hjá honum eftir partí, hann bar mig meira að segja inn í rúm en aldrei gerðist neitt. Svo liðu tvö ár, við náðum allt í einu saman og mánuði síðar vorum við gift.

Matthew: Á fyrstu önninni í skólanum lékum við hjón í leikriti. Núna þurfum við ekkert að leika.

AF HVERJU ÆTTI FÓLK AÐ KOMA AÐ SJÁ VERKIÐ?

Matthew: Það er svo mikið af verkum sem eiga lítið erindi til ungs fólks. Þess vegna fer það ekki í leikhús. Þetta verk er hins vegar hratt og ástríðufullt og höfðar til allra, sama á hvaða aldri viðkomandi er eða úr hvaða stétt. Þetta eru allt grunnstillingar sem er verið að vinna með og allir þekkjja þær og samsama sig þeim. Það er ekkert aukadrasl hérna, sviðsmyndin er einföld því við erum að vinna með grunninn en ekkert skraut.

Friðrik Ómar



Útgáfutónleikar Friðriks Ómars verða  
á Nasa 22. nóvember



Annar dag Farinn Kinniki Þessar dyr með Pál Óskari Ef að ég má Ég treysta vil á þig  
Þvítt líf Ef þú þiggur það líkalt augnaráð Hef ég sagt það hátt Lífi lí mér það sem verður



Peter Anderson, dansari og danshöfundur hjá Íslenska dansflokknum, hefur síðastliðin fjögur ár unnið að gerð kvikmyndar í fullri lengd. Myndin, sem hlotið hefur titilinn Health Spa, er nú tilbúin og lofar góðu ef marka má innihaldið.



## Úr gæluverkefni í alvörukvikmynd

Að sögn Peters er Health Spa gamanmynd og undir áhrifum frá starfsreynslu hans hjá líkamsræktarstöðinni Planet Pulse, þar sem hann vann fyrst eftir að hann flutti hingað frá Bretlandi fyrir nokkrum árum.

Peter fer sjálfur með eitt aðalhlutverkanna ásamt Ólafi Darra Ólafssyni, en þeir leika vinnufélagi á líkamsræktarstöð sem elda grátt silfur en neyðast til að snúa bókum saman til að klekja á ráðríkum og undirförulum yfirmanni, leiknum af Jóhönnu Vigdísí Arnardóttur.

„Upphaflega ætlaði ég að gera myndina með vinum mínum og fyrir þá, en þegar handritið komst í hendurnar á atvinnuleikurum lýstu þeir yfir vilja sínum til að leika í henni af því að þeim þótti sagan svo góð,“ útskýrir Peter. „Svo skaut Sigurjón Garðarsson myndina, en hann er nú önnur kafinn við tókur á Latabæ. Verkefnið þróaðist því úr gæluverkefni yfir í alvörukvikmynd.“

Eftir að Peter fékk samþykki fyrir því að taka myndina upp á Planet Pulse var ráðist í tókur sem hófust árið 2003 og stóðu yfir í heilt ár. „Ástæða þess hversu langan tíma það tók að skjóta myndina var sú að flestir leikaranna og tókuliðsins vorum önnur kafnir við önnur verkefni,“ segir Peter. „Ef ég legði saman tímuna sem fóru raunverulega í tókur, hafa þær varla tekið nema hálfan mánuð, en sá tími drefiðist bara yfir allt árið. Handritsskrif höfðu áður tekið ár og eftirvinnslan annað ár.“

Þetta er í fyrsta sinn sem Peter ræðst í verkefni af þessu tagi. Hann

á þegar farsælan feril að baki sem dansari og danshöfundur, fyrst í fjögur ár víðs vegar um Evrópu áður en hann gekk til liðs við Diversions Dance Company í Bretlandi og loks hjá Íslenska dansflokknum, þar sem hann er með mörg járn í eldinum. Um þessar mundir hefur hann meðal annars yfirumsjón með dansnámskeiði fyrir drengi á vegum dansflokksins og Listdansskóla Íslands.

Þess utan hefur Peter fengist við uppistand og er meðlimur í leikhópnum Watch My Back, sem mun í nóvember setja upp samnefnda sýningu þar sem leikarar verða að leika af fingrum fram út frá tillögum áhorfenda. Að hans sögn er þetta í annað sinn sem sýning af þessu tagi er sett upp hérlendis, en í fyrsta sinn sem hún er höfð í fullri lengd, svo spennandi verður að vita hvernig til tekst.

Peter segir reynsluna af dansinum og einnig ju jutsu hafa nýst óbeint við gerð Health Spa, þrátt fyrir að enginn dans sé í myndinni. „Hún nýttist til að mynda vel við útsetningu á slagsmálaatriðum,“ útskýrir hann og bætir við að slagsmálin séu nauðsynlegur hluti af framvindu sögunnar þótt um grín sé að ræða.

„Svo var gaman að sjá hversu vel samstarfið gekk á milli leikaranna og dansaranna, sem voru í tókuliðinu,“ heldur Peter áfram. „Sú góða vinna skilar sér alveg í endanlegri útkomu Health Spa, þannig að áhorfendur ættu ekki að verða sviknir af myndinni. Nú er markmiðið bara að finna gott framleiðslufyrirtæki sem er tilbúið að halda utan um hana.“





## **KNUD HOLSCHER/d line** PRÓFESSOR, ARKITEKT

Hann lauk námi í Arkitektaskóla Listaakademíunnar og varð prófessor þar 1968. Hann varð síðar meðeigandi í Arkitektastofunni KHR A/S arkitektar. Stofnaði síðan eigið fyrirtæki 1995, Knud Holscher Industrial Design (Iðnhönnun).

Hann hefur fengið mörg verðlaun og viðurkenningar í gegn um tíðina – nú síðast ID verðlaunin fyrir d line snyrtipílin fyrir almenningssalerni, ásamt ID verðlaunin fyrir klassíska hönnun 1999.



**d line**  
Heimsklassa hönnun

**ASETA**

BYGGINGAVÖRUR BYGGINGATÆKNI

Tunguhálsi 19, 110 Reykjavík. Sími 533 1600  
aseta@aseta.is www.aseta.is



# Rjóminn af íslenskri hönnun

Um síðustu helgi fór fram í Listasafni Reykjavíkur mikill viðburður á sviði íslenskrar hönnunar. Þar komu saman 24 af áhugaverðustu hönnuðum landsins til að kynna verk sín á svokölluðu hönnunarmaræðni.

Í kringum hönnunarmaræðnið var einnig sett upp sýning nemenda Listaháskóla Íslands, sem í samstarfi við nemendur í markaðs- og viðskiptafræðum við Háskólann í Reykjavík, alls 80 manns, mynduðu 12 hópa. Markmið hópanna var að draga fram sérkenni íslenskrar hönnunar í formi viðskiptahugmynda. Sýningin er nú til húsa í höfuðstöðvum Marels við Austurhraun 9 í Garðabæ og þar kennir ýmissa grasa. Til að mynda er þar að finna borðspil sem gerir leikmönnum kleift að kynnast byggingarlist í borginni, tískulína sem byggð er á lífrænum og vistvænum efnum og hugmynd að hótélum sem færa gesti sína aftur til fortíðar.

Kristín Eva Ólafsdóttir er einn af aðstandendum sýningarinnar og undanfarið hefur hún, ásamt félögum sínum, staðið í ströngu við að halda utan um sýninguna og skipulagið þar í kring. „Nú um helgina verður t.d. hægt að koma á sýninguna og hlusta á þessa 24 hönnuði sem voru á hönnunarmaræðni, en við ætlum að setja herna upp skjá og

sýna upptökur af því. Það virðist vera mikill áhugi fyrir þessu. Um síðustu helgi bjuggumst við við svona 400 manns, en gestirnir voru í kringum 1.700 og það komust ekki allir að sem vildu,“ segir Kristín og bætir því við að margir hönnuðanna hafi flogið sérstaklega til landsins til þess að taka þátt í uppákomunni.

Hvað varðar samstarf Listaháskólans við deildir annarra háskóla segist Kristín ekki vita til þess að það sé mjög algengt. „Þetta er reyndar fimmta árið í röð sem samstarf á milli þessara deilda LHÍ og HR fer fram, en almennt veit ég ekki til þess að það tíðkast hérlandis þó að það sé vissulega mjög gott fyrir nemendur beggja skólanna. Í þessu tilfelli erum við að tala um nemendur í markaðsfræðum sem fá að kynnast hönnun og hugmyndavinnu til að veita upp á mótí sínu, og öfugt. Þetta hlýtur að undirbúa nemendurnar fyrir atvinnulífið á mjög uppbyggilegan hátt,“ segir Kristín að lokum. Frekari upplýsingar um sýninguna er að finna á vefslóðinni [www.rjomi.is](http://www.rjomi.is).



Karitas Diðriksdóttir og Kristín Eva Ólafsdóttir eru meðal þeirra sem skipulögðu Rjóma.



Ark Reykjavík er þrívítt borðspil sem gerir leikmönnum kleift að kynnast byggingarlist í Reykjavík.



Kvikví er tískulína sem byggir á vistvænum og lífrænum efnum.



Usss ... húsgagnahefjur, kallast hópurinn á bak við þetta verk sem gekk út á gjörning sem hafði það markmið að skipta erlendri hönnun út fyrir innlenda.



Era Hotels er hótélkeðja sem færir gesti sína aftur til fortíðar.



# Hlýleg húsgögn og gjafavörur!



*Full búð af fallegum gjafavörum,  
einstökum húsgögnum, þægilegum  
sófum og stökum stólum.*

*Sjón er sögu ríkari!*

**VIRKA** Húsgögn

Mörkin 3, sími 568 7470 [www.virka.is](http://www.virka.is)

Verslunin er opin mán-fös frá 10-18 Laugardaga frá 11-15



**Allt að 50% afsláttur af  
húsgögnum og gjafavörum**



## Tískuíkon #2

# BRIGITTE BARDOT

Brigitte Bardot (f. 29. september 1934) vakti fyrst athygli tískuheimsins árið 1950 þegar hún, fimmtán ára gömul, sat fyrir á forsíðu tímaritsins Elle. Premur árum síðar lék hún í sinni fyrstu kvikmynd „Le Trou Normand“ og varð að kynbomu á einni nóttu, bæði í Evrópu og Ameríku. Marilyn Monroe var samtímakona Brigitte Bardot, en á árunum 1950-60 má segja að þær ljóskur hafi deilt með sér kyntáknstílinum. Brigitte bætti þó um betur og gerðist líka táknmynd tísku síns tíma, enda hafði hún til að bera sérstakt útlit og seiðandi evrópskan þokka sem virkaði sakleysislegur og dularfullur í senn. Stíllinn sem lengst af hefur einkennt Brigitte Bardot er mikil svört augnmáling, umfangsmikið ljóst hár og sígarettu-reykingar. Hún skipti oft á milli saklausa útlitsins yfir í svokallað „femme fatale“ útlit (leður og hlébarðaskinn), en aðdáendur hennar eru flestir sammála um að hún hafi verið fallegust um þrítugt, eða upp úr 1965. Frá árinu 1962 hefur Brigitte Bardot einbeitt sér mjög að dýraverndunarmálum, og að lokum gaf hún leiklistarferil sinn upp á báttinn til að einbeita sér enn frekar að dýraverndunarmálum. Að auki hefur hún vakið athygli heimspressunnar fyrir það að hafa aldrei farið í andlitsbreytingar, að hafa gefið frá sér forræðið yfir einkasyni sínum (sem hún fæddi árið 1960) og neikvæð ummæli í garð samkynhneigðra og múslima. Brigitte Bardot er 72 ára í dag og er búsett í París. Hún er enn ekki hætt að reykja.



# Farði fyrir allar konur

Olíulaus farði  
Fyrir allar húðgerðir



Púðurfarði  
Hentar öllum húðgerðum



Stift farði  
Þekjandi farði fyrir normal húð



Olíulaus farði  
Fyrir feita – normal húð

Fljótandi  
Fyrir allar húðgerðir



Light diffusing  
Þekjandi, fljótandi farði  
Hentar fyrir normal - þurra húð



## VETRARLITIR RIFKA

# Góðir hlutir gerast hægt

Regína Ósk Óskarsdóttir gaf nýverið út sína aðra sólóplötu, Í djúpum dal. Óhætt er að segja að Regína sé búin að hrista hressilega af sér bakraddastimpilinn og stimpla sig inn á ný, nú sem ein af betri sólósongkonum Íslands.

„Ég er búin að vera sólósongkona í mörg ár. Kannski er munurinn sá að fólk hugsar nú um mig sem sólóista en ekki sem bakraddasöngkonu,“ segir Regína yfirveguð. „Gegnum árin hef ég mest komið fram opinberlega í bakróddum. Hins vegar finnst mér bakraddastimpillinn sem margir settu á mig hafa horfið svolítið eftir að ég tók þátt í undankeppni Evróvisjón hér heima. Og í raun var ekki mikið mál fyrir mig að fara úr bakróddum yfir í að vera aðalsöngkona. Ég hef verið að syngja ein frá því að ég var ung, bæði í hljómsveitum og öðru og var því löngu tilbúin fyrir þetta skref.“

## STEFNIR Á FRUMSAMDA PLÖTU

Í djúpum dal er önnur sólóplata Regínu en sú fyrri, sem hét einfaldlega Regína Ósk, kom út fyrir um ári síðan. Í djúpum dal er róleg, hugljúf og persónuleg plata og segist Regína hafa með henni viljað sýna á sér nýja hlið. „Á þeim tíma frá því að fyrri platan kom út hef ég þroskast mikið sem tónlistarmaður og er smátt og smátt að fikra mig áfram og prófa nýja hluti,“ segir Regína. Lagið Hvað tekur við? er eftir Regínu sem og textinn en hún samdi hvort tveggja ásamt Barða og Karli Olgeirssyni. Einnig samdi hún textann við titillag plötunnar Í djúpum dal. „Ég er nú ekki mikið í lagasmíðum en mig langaði til að hafa texta eftir mig og mig langaði líka til að semja lag. Fyrir vikið finnst mér platan vera meira komin frá mér.“

Við vinnsluna á plötunni fékk Regína Barða Jóhannsson sér til aðstoðar. „Barði er auðvitað snillingur. Hann hugsaði alltaf um hvað hentaði hverju lagi og fékk rétta fólkni til verksins. Það koma heilmargir að gerð plötunnar, margir lagasmiðir og textahöfundar og ýmsir hljóðfæraleikarar bæði íslenskir og erlendir. Enda á það ekki endilega að vera þannig að einhverjir fimm geri plötuna, frekar að leggja áherslu á það sem er rétt fyrir lagið og fyrir sándið,“ segir Regína og bætir við að hún hafi lært mikið á ferlinu við gerð plötunnar. „Barði ögraði mér og lét mig prófa nýja hluti. Sem ég fíla mjög vel. Ég hef mikið sungið fyrir aðra og þá leikur maður sitt hlutverk. En á þessari plötu vildi ég ná fram mínum karakter og Barði hjálpaði mér mikið með það. Maður verður stundum að stíga út úr þægindahringnum, annars er maður á sama punktinum að eilífu. Síðasta ár hefur verið æði magnað hjá mér enda var ég búin að ákveða að hafa þetta ár svolítið öðruvísi. Ég leyfði fólkni að vísa mér í aðrar áttir en ég var vön að fara og það hefur allt gengið rosalega vel. Ég er því búin að þróa með mér þá lífsspeki að það sé nauðsynlegt að fara út fyrir þægindasviðið sitt. Enda stefni ég á að gera frumsamda plötu næst.“


## END OF THE WORLD MARKAÐI UPPHAFIÐ

„Ég kom fyrst opinberlega fram í karóíkíkeppni grunnskólanna þegar ég var fjórtán ára,“ segir Regína og brosir stolt. „Þetta

var fyrsta karóíkíkeppnin sem haldin var á vegum Samfés. Ég tók þátt bara af því að vinkona mín tók þátt en alveg óvænt þá vann ég þessa skemmtilegu keppni með laginu End of the World eftir Skeeter Davis,“ bætir Regína við og kímir yfir skemmtilegu upphafi ferils síns. „Ég man samt enn vel eftir augnablikinu þegar ég áttaði mig á því að ég hafði kannski meiri sönghæfileika en einhver annar. Ég var í kór í Árbæjarskóla og eftir sigurinn í karóíkíkeppninni lét kórkennarinn minn mig syngja eina. Við stóðum nokkrar vinkonur úr kórnum við flygilinn og kennarinn bað mig um að syngja Amazing Grace. Ég bara lokaði augunum og söng eins og ég hafði alltaf sungið. Og ég man ennþá, þegar ég hafði lokið við síðasta tóninn, að þá var dauðapögn við flygilinn, allir voru stjarfir og stöðu á mig. Eftir þetta var ég einsöngvari í kórnum þar til ég hætti í skólanum 16 ára. Og ég vissulega söng mikið, gaf meira að segja út kassettu og allt,“ segir Regína og hlær dátt.

„Ég fór svo fljótlega að reyna að finna mig í tónlistinni. Ég lærði söng en ég er ekki útlærð. Ég byrjaði í klassískum söng í Söngskóla Reykjavíkur þar sem ég kláraði þrjú stig á einu ári. En ég var bara ekki að fíla mig,“ segir Regína. „Ég er svo mikið fiðrildi og klassíski söngurinn er aðeins of stýrður fyrir mig. Mér fannst til dæmis rosalega erfitt að mega ekki hreyfa mig neitt á sviði. Ég er svo frjálss í anda og því á poppið meira við mig.“



A black and white photograph of a woman with long, wavy blonde hair, looking directly at the camera. She is wearing a dark, long-sleeved top with a V-neckline and a dark skirt with a wide belt. She is standing on a staircase with a wooden railing. The background features a checkered pattern on the wall and a plain white wall.

„Ég hef mikið sungið fyrir aðra  
og þá leikur maður sitt hlutverk.  
En á þessari plötu vildi ég ná  
fram mínum karakter.“

*„Það er ekkert víst að ég hefði náð neitt lengra en Silvía Nótt. Þess vegna var kannski best að lenda í öðru sæti því ég mun þá njóta vafans að eilífu,“*



#### ÚR KARÓKÍ Í EVRÓVISJÓN

„Evróvisjónævintýrið var hreint frábært frá byrjun til enda og óhætt að segja að þar hafi ég steypst mér í djúpu laugina,“ segir Regína og dregur andann djúpt. Regína söng lagið Þér við hlið eftir Trausta Bjarnason og lenti í öðru sæti í keppninni, á eftir hinni umdeildu Silvíu Nótt. „Ég var rosalega ánægð með úrslitin út af því hve mörg atkvæði ég fékk en ég vissi jafn vel eins og allir aðrir á Íslandi hver myndi vinna þessa keppni. Ég held í raun að ég

hafi bara verið að stefna á annað sætið en guð minn góður hvað ég hefði viljað fara til Grikklands og keppa þar,“ bætir Regína við en svarar því neitandi að hún hafi á nokkurn hátt verið svekkt að fá ekki að spreyta sig í Aþenu. „Það er ekkert víst að ég hefði náð neitt lengra en Silvía Nótt. Þess vegna var kannski best að lenda í öðru sæti því ég mun þá njóta vafans að eilífu,“ segir Regína og hlær. „Ég er mjög ánægð og fegin að ég tók þátt. Evróvisjón-keppnin hér heima er stærsti viðburðurinn þar



LOVELY ON THE INSIDE

LOVELY

SARAH JESSICA PARKER



*„Við stóðum nokkur kórbörn við flygilinn og kennarinn bað mig um að syngja Amazing Grace. Ég bara lokaði augunum og söng eins og ég hafði alltaf sungið. Og ég man ennþá, þegar ég hafði lokið við síðasta tóninn, að þá var dauðapögn við flygilinn, allir voru stjarfir og störfu á mig.“*



sem ég hef komið fram ein og ég lærði heilmikið á þessu. Ég hef reyndar farið þrisvar út sem bakrödd í Evróvisjón. Alltaf á oddatölu. Fyrst árið 2001, svo 2003 og 2005. Þannig ég hlýt þá að fara út á næsta ári,“ segir Regína og tístir af hlátri.

Sem bakraddasöngkona hefur Regína lært að koma fram á sviði, stærsti viðburðurinn sem hún hefur komið fram á sem bakrödd var í aðalkeppni Evróvisjón 2001 þar sem fjórtíu þúsund manns fylltu Parken í Kaupmannahöfn. „Ég fæ alltaf einhvern skammt af sviðskrekk,“ segir Regína. „Mismunandi hversu mikið eða hversu lengi skrekkurinn varir. Stundum getur hann verið heilan dag, en það er bara gott að fá sviðskrekk því þá er maður búinn að taka út stressið þegar maður stígur á svið. Mér fannst mjög erfitt að glíma við þetta fyrst þegar ég var að fara af stað en nú er ég orðin öruggari og núna finnst mér í raun bara óþægilegt að fá ekki skrekkinn, maður verður að vera á tánum. En skrekkurinn hverfur nú oftast um leið og ég byrja að syngja fyrstu tónana.“



Jói  
Fel

## Fundar- og veislubjónusta að hætti Jóa Fel

Ekta ítalskar snittur, skáskornar og grillaðar. Eingöngu hjá Jóa Fel!



- allt eftir óskum viðskiptarvinarins

Kleppsvegi 152  
Smáralind

Mán. - föst. 7 - 18. Laug. - sun. 7 - 16.  
Mán. - föst. 9 - 19. Laug. 10 - 18. Sun. 12 - 18.

Pantanir í síma:  
588 8998

# Drekar, skrímsli og prinsessur

Börn elska bækur og bækur elska börn. Þetta vita rithöfundar og bókaútgefendur og keppast því við á hverju hausti að hafa eitthvað spennandi í boði fyrir yngstu bókaormana. Árið í ár er engin undantekning og hér gefur að líta nokkra spennandi titla sem gaman verður fyrir börn og foreldra að lesa saman fyrir svefninn.

## YNGRI EN SJÖ ÁRA:

*Fyrstu 100 orðin og Bestu vinirnir*

Bækur fyrir langyngstu börnin sem ný bókaútgáfa, Unga ástin mín, gefur út.



*Sagan af undurfögru prinsessunni og hugrakka prinsinum hennar*

Í þessari myndu bók segir textinn eitt en myndirnar allt annað, sem getur auðveldlega orðið til börnum og foreldrum til mikillar skemmtunar.



*Öðruvísi saga*

Þriðja bókin í þrileik Guðrúnar Helgadóttur um Karen Karlottu sem nú er orðin tíu ára. Guðrún er íslenskum bókmenntum það sem Astrid Lindgren var sænskum og ástæða til að fagna nýrri bók frá henni sérstaklega.



*Á dýrabaki*

Ljóðin hans Þórarins Eldjárn opna börnum stórskemmtilega leið til ljóðheima. Í þessari bók eru vísur eftir hann um hvernig er að

vera á baki hinna ýmsu dýra með litríkum myndum eftir Brian Pilkington.

*Barbapabbi*

er loksins kominn aftur til Íslands enda allar gömlu bækurnar um hann löngu uppunar. Barbapabbi er umhverfisvænn, öðruvísi og getur breytt sér í hvað sem er. Margir foreldrar skemmtu

sér sjálfir yfir barbarellunum og lesa þessa bók glaðir upphátt - aftur og aftur.



*Stór skrímsli gráta ekki*

Saga eftir höfunda bókarinnar Nei! sagði litla skrímslið. Í þessari bók langar stóra skrímslið til að gráta, kannski af því að litla skrímslið sagði svo ákveðið nei í síðustu bók en finnst það ekki hafa leyfi til þess. Og hvað er þá til ráða?



*Drekafraði*

Doktor Ernest Drake var mikill drekameistari og lifði lengi meðal dreka. Hinna afrek hans á sviði drekafraðinnar var að

taka saman bókinu um drekafraði, og er það ósk hans að drekafraðinemar tileinki sér hugmyndir hans um hinn vitra; sem lærir margt og sér margt en raskar litlu.

## ELDRI EN SJÖ ÁRA:


*Land hinna týndu sokka*

Gerður Kristný er afar fjölhæfur rithöfundur sem lætur jafn vel að skrifa fyrir börn og fullorðna. Hún skrifar söguna af Þorgeiri en löngun hans í hund dregur hann inn í land hinna týndu sokka þar sem allt getur gerst.



*Hér segir frá ótal uppfinningum snillinganna*

Bókin um ótal uppfinningar Snillinganna fjallar á gamansaman hátt um sumar af helstu uppfinningum í veröldinni. Áherslan er á sex meiriháttar uppfinningar en auk þess er talað um fólkið á bak við merkustu hugmyndirnar, fræg mistök og hvað framtíðin ber í skauti sér.



*Hver étur ísbirni?*

Kristín Steinsdóttir og Halla Sólveig Þorgeirsdóttir hafa átt gott samstarf áður. Í þessari bók er rituunginn Rissa á Grænlandi sem leggur af stað í leiðangur til að finna ísbirni.



# „Áhrifamesta bók sem ég hef lesið“

*Dr. Wayne W. Dyer*

„Ég heyrði morðingjana kalla nafn mitt.  
„Hún er hérna ... við vitum að hún er hérna einhvers staðar  
... Finum hana – finnum Immaculée.“  
Raddirnar voru margar, morðingjarnir margir. Ég gat séð þá  
fyrir mér: Fyrirverandi vinir mínir og nágrannar, sem alltaf  
höfðu heilsað mér vingjarnlega, gengu um húsið vopnaðir  
spjótum og sveðjum og kölluðu nafn mitt“.



amazon.com

**Immaculée Ilibagiza**  
með Steve Erwin

„Þú munt aldrei gleyma  
Immaculée og merkingu þess  
að meta lífið mitt í algjöru  
svartnætti.“

*Cindy Pearlman,  
New York Times Syndicate*

„Frásögn Immaculée er sterk  
og getur verið leiðarvísir  
til þeirra, sem vilja fyrirgefa  
hið ófyrirgefana.“

*Leiðari Morgunblaðsins*

**EINTIL  
FRÁSAGNAR**  
EINSTÆÐ FRÁSÖGN KONU SEM LIFDI AF  
HELFÖRINA Í RÚANDA

**JPV**

JPV ÚTGAFA  
www.jpv.is

## Bláberjasúkkulaðikaka

Þeir sem fóru í berjamó í haust luma sjálfsagt á bláberjum í frystinum. Þessi súkkulaðikaka fagnar þeim berjum en mjúkur botninn er þakinn bláberjum sem eru bökuð ofan í kökuna. Ekki vitlaus kaka í saumaklúbbinn en þess ber að geta að bláber úr búð eru einnig góð í kökuna, sem og jarðarber, hindber og bara öll ljúffeng ber.

SÚKKULAÐIKAKA  
200 g smjör  
200 g súkkulaði  
3 egg  
1/2 tsk. vanilludropar  
1 1/2 b flórsykur  
2 bollar hveiti  
2 tsk. lyftiduft  
1/2 bolli möndlur, maukaðar  
1-2 bollar bláber

Bræðið saman smjör og súkkulaði. Kælið aðeins. Hrærið saman egg, vanilludropa og sykur þar til létt og ljóst. Bætið við hveiti og lyftidufti. Malið möndlur í mél í matvinnsluvél. Hrærið möndlumjölið saman við deigið. Hellið bráðnu súkkulaðinu út í deigið í mjörri bunu og setjið loks helminginn af berjunum varlega saman við það. Blandið vel. Klæðið 20 cm form með bökunarpappír. Hellið deiginu í, sáldrið afgangnum af berjunum yfir og bakið kökuna við 180 gráður í 75 mínútur eða þar til efsta lag kökunnar er orðið stinnt þegar ýtt er á það. Kælið kökuna áður en hún er skorin og berið fram með rjóma.



Umsjón og bakstur:  
HALLA BÁRA GESTSDÓTTIR  
Mynd: GUNNAR SVERRISSON



# LA BELLE CREAM: Hátíðarlíkjörinn í ár

Koníaks- og rjómalíkjörinn franski La Belle Cream er 17% að styrkleika, framleiddur með 100% koníaki. Hann er silkimjúkur, sætur en þurr með karamellu- og kaffibraðði og djúpum koníakskeim. Fínleikinn vekur bragðlaukana. Léttur, fingerður og ódýrari en aðrir rjómalíkjörar. Heillandi þægindi einkenna hann, hægt er

að framreiða hann á hefðbundinn hátt á klaka, hressandi í kaffið hvort sem er í heitt kaffi eða svalandi ískalt espresso-Belle Cream. Og auðvitað í konfektíð!

*La Belle Cream kostar 2.170 kr og fæst í flestum vínbúðum.*



## LA BELLE CREAM BRÛLÉE: (Handa 6 manns)

500 g rjómi  
6 eggjarauður  
90 g sykur  
1 vanillustöng  
Börkur af einni appelsínu  
4 g matarlím (2 blöð)  
4 cl La Belle Cream líkjör  
Hrásykur

Blandið sykra með eggjarauðum. Hitið rjómann að suðumarki með vanillustöng og appelsínuberki í. Blandið saman við eggjarauðurnar án þess að þeyta. Bætið matarlími í og sigtið. Bætið La Belle Cream rjóma líkjörnum úti. Hellið í skálar og kælið í tvo til þrjá tíma. Sáldrið hrásykra á yfirborðið. Brennið undir vel heitu grillinu í ofninum eða með gas brennara. Berið fram strax með glasi af La Belle Cream. Til að hafa enn meiri stemmingu er hægt að bæta appelsínuberki og lichi-sorbet frá Sandholt bakarí ofan á.

*UPPSKRIFT FRÁ ÁSGEIRI SANDHOLT Í SANDHOLT BAKARÍ*



# FLOTT FYRIR VETURINN

## KYNNING



- 1. Gallerí 17 Kringlunni. 14.990 kr.
- 2. Gallerí 17 Kringlunni. 3.990 kr.
- 3. Gallerí 17 Kringlunni. 6.990 kr.
- 4. Gallerí 17 Kringlunni. 2.990 kr.
- 5. Kiss Kringlunni. 3.990 kr.
- 6. Kiss Kringlunni. 4.990 kr.
- 7. Kiss Kringlunni. 3.490 kr.
- 8. Benetton/Sisley Smáralind. 5.595 kr.
- 9. Benetton/Sisley Smáralind. 3.795 kr.
- 10. Gallerí 17 Kringlunni 1.990 kr.
- 11. Gallerí 17 Kringlunni. 2.990.



5



6



7



10



11

8



9





## Hreint ekkert grámyglulegt

Þó svo að grái liturinn teljist til kaldra lita var hann aldeilis heitur á nýafstöðnum tískuvíkum og ljóst að hann er á hraðferð inn í tískuheiminn. Kannski finnst einhverjum það óspennandi en grái liturinn er þó mjög hentugur að því leyti að hann passar við alla hina litina. Gaman er að lífga upp á gráa flík með því að para hana með æsandi bleikum eða eldrauðum. Gráu tónarnir eru líka ansi margir og því ættu allir að geta fundið gráan lit sem fer þeim vel.

**RÖNDÓTT** Bleiki liturinn lífgar upp á þann gráa í þessari peysu frá All Saints.

**HLÝ OG GÓÐ** Dásamlega falleg ljósgrá kápa frá All Saints.

**DULARFULLUR** Fallegur kjóll frá All Saints þar sem grái liturinn er svolítið brúnleitur og afskaplega fallegur.

**SÆTUR** Stuttur og fallegur jakki frá Whistles.

**ÖKKLASKÓR** Fallegir skór frá All Saints.

**ÖRLÍTIÐ GAMALDAGS** Dásamlega krúttlegir hælaskór frá Bossanova en hér er grái liturinn með örlitlum grænum blæ.

**TÖFF** Flott taska frá Spúútnik úr nokkrum mismunandi gráum efnum.

**FRÖNSK** Lagleg alphahúfa úr ull kemur sér oft vel á Íslandi. Þessi er úr Spúútnik.

**DIOR** Nýjasta línan frá John Galliano fyrir Dior er samsett úr fallega daufum litum og að miklu leyti ýmsum tónum af gráum.





# GYLLTI KÖTTURINN

ER **1 ÁRS** Á MORGUN

Í TÍLEFNI DAGSINS ER BOÐIÐ UPP Á LIFANDI MÚSÍK  
OG LÉTTAR VEIGAR ÁSAMT

**25%** AÐSLÆTTI AÐ  
VOLDUM VÖRUM



VINTAGE CLOTHING

GYLLTI KÖTTURINN

AUSTURSTRÆTI 8 • 534 0005 • HALLO@GYLLTIKOTTURINN • WWW.GYLLTIKOTTURINN.IS

# Köngulær sem drepa í hita leiksins

James Bond hefur í gegnum tíðina eignast marga verðuga andstæðinga, oft í líki glæsilegra kvenna sem beita öllum tiltækum ráðum til að knésetja hann.

Vinnslu lauk nýverið á kvikmyndinni *Casino Royale* (2006) og er hennar nú beðið með mikilli eftirvæntingu, enda virðast myndir um njósnara hennar hátígnar James Bond, öðru nafni 007, sívinsælar.

Þá biða eflaust margir spenntir eftir því að sjá hvernig nýju Bond-stúlku-urnar taka sig út í myndinni, enda rík hefð fyrir því að skipa föngulegar leikkonur og fyrirsætur í helstu kvenhlutverk, allt frá því að Ursula Andresson birtist bikíníklædd í fyrstu Bond-myndinni, *Dr. No* frá árinu 1962.

Að þessu sinni leikur Eva Green *Vesper Lynd*, samstarfskonu Bonds sem hefur áður komið við sögu, og Catherina Murino er *Solange*, tálkvendi sem leggur snörur sínar fyrir njósnarann, en venja er fyrir því að kvenpersónur standi með eða á móti Bond.

Margir eru á því að Murino hafi dottið í lukkupottinn þar sem hlutverk kaldrifjaða tálkvendisins þykir yfirleitt bitastæðara, enda voru þess konar persónur lengi vel nokkuð klókari og sjálfstæðari heldur en

kvenhetjurnar, þótt sá munur hafi eitthvað minnkað með árunum. Nú dugur varla annað en að góða Bond-stúlkan sé snoppufriður kjarnorku-eðlisfræðingur, með svarta beltið í karate.

Samskipti Bond við tálkvendin þykja einnig æsilegri, en eftir biðilsleik þar sem hvort um sig sýnir bardagahæfni sína sængar njósnarinn gjarnan hjá þeim (til að veiða upp úr þeim upplýsingar). Oftar en ekki stefnir þessi förnfýsi lífi Bonds í hættu, þar sem margar kvennana reyna líkt og kvenköngulær að drepa hann í hita leiksins. Þótt tvísýnt geti verið um úrslitin sleppur Bond alltaf frá þeirri viðureign, að visu stundum hálflemstraður. Það er ekki alltaf tekið út með sældinni að starfa á vegum hennar hátígnar.

Í tilefni af því hversu stutt er í frumsýningu *Casino Royale* er vel við hæfi að líta um öxl og rifja aðeins upp konurnar sem reyndu með ýmsum brögðum að koma Bond fyrir kattarnef, en ekki verður annað sagt en að útsjónarsemin sé stundum hreint ótrúleg.

Fyrsta eiginlega glæpakvendið sem birtist í fyrstu Bond-myndinni gegnir litlu, nafnlausu en engu að síður mikilvægu hlutverki njósnara (*Margaret LeWars*) hjá illmenni myndarinnar *Dr. No*.



Rosa Klebb (*Lotte Lenya*) úr *From Russia With Love* (1963) er fyrsti verðugi kvenandstæðingur Bonds. Klebb fellur ekki undir ímynd tálkvendisins og reynir að drepa Bond með hníf sem skýst úr skótánni.

*Pussy Galore* (*Honor Blackman*) úr *Goldfinger* (1964), lesbísk aðstoðarkona illmennisins *Goldfinger*, sem stenst ekki kyntöfra Bond og skiptir um lið eftir að hafa sofið hjá honum.



*Fiona Volpe* (*Luciana Paluzzi*) úr *Thunderball* (1965), nýtur þess að sofa hjá fórnarlömbum sínum áður en hún drepur þau. Sængar hjá Bond og er seinna skotin í staðinn fyrir hann.

Texti: ROALD EYVINDSSON





Helga Brandt (Karin Dor) úr *You Only Live Twice* (1967). Þykist snúast til góðs eftir að hún sefur hjá Bond en stekkur seinna í fallhlíf úr hrapandi flugvél með Bond innanborðs.



Irma Bunt (Ilse Steppat), útsendari þorparans Blofeld, úr *On Her Majesty's Secret Service* (1969). Minnir um margt á Rosu Klebb. Drepur eiginkonu Bonds. Já ótrúlegt en satt, hann kvænist í myndinni!!!

Thumper (Tina Parks) er annar helmingur af hættulegu tveiki sem bregður fyrir í *Diamonds Are Forever* (1971) og lúskrar á Bond. Þær gefast upp þegar Bond nær að halda þeim báðum í kafi ofan í sundlaug.



Naomi (Caroline Munro), úr *The Spy Who Loved Me* (1977). Nýtur þess að daðra við Bond og enn frekar að reyna að drepa hann. Bond verður fyrri til þegar hann skýtur tundur-skeyti á þyrluna hennar.

May Day (Grace Jones), ástkona Zorins og illræmdur leigumórðingju, úr *View to a Kill* (1985). Kynvera sem nýtur þess að drepa. Slæst í lið með Bond þegar Zorin svíkur hana.




Xenia Onatopp (Famke Janssen), morðingi úr *Goldeneye* (1995). Fær kynferðislega nautn af því að myrða fórnarlömb sín, sem hún mer sum hver á milli stæltra fótleggjana. Bond rétt sleppur undan þeirri meðferð.

Elektra King (Sophie Marceau), milljarðamæringur sem hyggur á heimsyfirráð. Aðalillmennni *The World Is Not Enough* (1999). Sefur hjá Bond til að blekkja hann. Bond drepur hana seinna í sjálfs-vörn.




Miranda Frost (Rosamund Pike), moldvarpa innan raða bresku leyniþjónustunnar, í *Die Another Day* (2002). Sefur hjá Bond á íshótel í Íslandi! Jinx, samstarfsskona Bonds, drepur Miröndu seinna í sverðbardaga.



SNYRTISKÓLINN

# SNYRTI FRÆÐINÁM



## SNYRTI FRÆÐINÁM

[www.snyrtiakademian.is](http://www.snyrtiakademian.is)


**VIRTUR SKÓLI - SPENNANDI NÁM:**  
 Snyrtiskólinn er einkaskóli á framhaldsskólastigi sem útskrifar snyrtifræðinema. Að loknu eins árs námi í snyrtiskólanum þurfa nemendur að ljúka 10 mánaða starfsþjálfun á snyrtistofu aður en þeir ljúka sveinsprófi. Möguleiki er á að taka út starfsþjálfun á skemmtiferðaskipum.

**NÁM Í BOÐI:**  
 Snyrtináam, 1 ár auk 10 mánaða starfsþjálfunar, Aldurstakmark 18 ár. Námið er lánshæft hjá UN.

**INNÞRITUN:**  
 Innritun hafin í síma 553 7900 og á skoli@snyrtiakademian.is, sjá nánar [www.snyrtiakademian.is](http://www.snyrtiakademian.is).

1 laust sæti á vetrarönn nú í nóvember!

Vetrarönn hefst í nóvember, vorönn hefst í mars.



SNYRTI-AKADEMIAN

SNYRTIÁRBEIÐI | HAUGAÁRBEIÐI | FERÐUNARBEIÐI | FÖRMANNSKAPARBEIÐI





Úrvalið er mikið og verðið svo hagstætt, að leitun er að öðru eins



Glæsilegar danskar innréttingar í öll herbergi heimilisins.



Þvottahússinnréttingar



Eldhúsinnréttingar



Fataskápar með venjulegum- og

**Þitt er valið!**  
 Þú velur um að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsögðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska - fullkomin þjónusta, eigið verkstæði

**Við hönnum og teiknum fyrir þig!**  
 Komdu með málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherbergjunum - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu og fullkomin raftæki frá ELBA, Snaigé og Westinghouse - heimsókn til okkar borgar sig.



**EKKI BARA INNRÉTTINGAR !**

Við bjóðum einnig fullkomið úrval vandaðra raftækja, Elba eldunartæki og uppþvottavélar og Snaigé og Westinghouse kæli- og frystiskápa

**ELBA**



Eldavélar



Oftar



Helluborð



Viftur & háfar



Uppþvottavélar

**Snaigé**



Kæli- og frystiskápar

**Westinghouse**

nettoline 



**20%**  
**afsláttur**  
til 13. nóvember



rennihurðum

Baðinnréttingar

# Innréttingatilboð sem þú mátt ekki missa af!

20% afsláttur af öllum Nettoline innréttingum í 3 vikur (tilboðið stendur 18/10 - 13/11)  
Nýttu þér frábært tilboð okkar - og nýja innréttingin verður tilbúin tímanlega fyrir jól.

Á tilboðsdögum veitum við 20 % afslátt af Elba og Snaige raftækjum, þegar þau eru keypt með innréttingu.



Virka daga kl. 9-18  
Laugardaga 10 - 16

Velkomin í Friform, þar sem þú færð meira fyrir peningana

 **Friform**  
Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

# Hollustuna heim!

Hollur og góður kinamatur, stórir skammtar - beint heim til þín.



## TILBOÐ 1

Djúpstektar rækjur  
Original hot and sweet svínakjöt  
Snöggsteikt nautakjöt í ostrusósu  
Kínverskar eggjaröður m/kjúklingsi og grænmeði  
Hrisgrjón, súrsæt sósa, prjónar og soya sósa

1.345 á mann  
2.590 fyrir tvo

## TILBOÐ 2

Djúpstektar rækjur  
Peking kjúklingur m/kínaveppum  
Wok steikt lambskjöt m/svartbauna-sósu  
Original hot and sweet svínakjöt  
Hrisgrjón súrsæt sósa, prjónar og soya

1.445 á mann  
2.890 fyrir tvo

## TILBOÐ 3

### Rifjaparty

Konton svínarífl  
Hrisgrjón, prjóna og soya  
poki af Maarud

1.250 á mann  
2.500 fyrir tvo

2 L COKE OG RÆKJUFLÖGUR FYLGA Í „TAKE AWAY“

## BARNABOX



2 kjúklingaleggir franskar og kokteilsósa kinderegg  
700 kr



ORIENTAL RESTAURANT • LAUGAVEGI 19

FRÍ HEIMSENDING

Lágmarkspöntun er kr. 1.900,- en kr. 4.000,- í Hafnarföð.

Opð: mán-fimmtudaga 12-21:30, föstu og laugardaga 12-22:30  
sunnudaga 17-21:30, www.indokina.is

PÖNTUNARSÍMI 552 2399



Uppruni hlutanna


## Litli svarti kjóllinn

Coco Chanel er hugmyndasmiður litla svarta kjólsins sem passar við hvert einasta tækifæri, hversdags sem spari.

Litli svarti kjóllinn varð til í nóvember 1926 og var hannaður af Gabriel Bonheur Chanel, betur þekkt sem Coco Chanel. Að sjálf-sögðu höfðu svartir kjólar verið til löngu áður en kjóllinn hennar leit dagsins ljós, en enginn þeirra var eins og þessi. Hann var ótrúlega einfaldur, sérstaklega miðað við þann tíma sem hann varð til á. Á honum var enginn kragi, engir hnappar, enginn útsaumur eða blúndur. Hann var einfaldur, stílhreinn og nútímalegur og ekki voru allir á eitt sáttir um ágæti hans. Konur elskuðu kjóllinn og kölluðu hann Ford Chanel-tískuhússins, sem var tilvísun í tilkomu Ford-bílanna sem þóttu mjög merkilegir á þessum tíma. Rétt eins og Ford-bílarirnir var auðvelt að eignast hann, hann sló strax í gegn og á honum sáust engir blettir, hann var kvenlegur og kom aðeins í einum lit, svörtum.

Kvennablöðin kölluðu þetta hinn nýja einkennisbúning nútímakonunnar, en karlmenn hötuðu hann þar sem hann gerði ekki nægilega mikið úr kvenlegum línunum, brjóstunum, mitti og rassi.

